

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2022

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2022. Þetta er 21. sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls átta. Allar göngurnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema dagsgöngurnar 6. og 27. ágúst sem eru farnar á laugardögum. Frítt er í allar kvöldgöngurnar en innheimt verður fyrir akstur í dagsgöngunum. Leiðsögumenn í ferðunum í samvinnu við heimafólk verða þau Helgi Már Gunnarsson og Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Allar ferðir verða auglýstar sérstaklega þegar nær dregur á facebooksíðunni “Gönguferðir í Hrunamannahreppi”.

1. ferð er 25. maí. Sólheimar - Hrepphólar

Lagt af stað kl 20:00 frá planinu við Hrepphólakirkju þar sem við hittumst og sameinumst í bíla. Ekið að Sólheimum og gengið sem leið liggur eftir reiðgötum austan við Galtafell uns komið er að Hólahnjúkum þar sem sjá má stórkostlegar stuðlabergsmýndanir. Gangan endar síðan við Hrepphólakirkju. Áætlaður göngutími 2-3 klst.

2. ferð 1. júní. Skollagróf - Bryðjuholt

Lagt af stað kl 20:00 frá Bryðjuholti, þar sem við hittumst og sameinumst í bíla. Ekið verður að Skollagróf þar sem gangan hefst. Gengið er eftir bökkum Hvítár, Flosatraðir skoðaðar og gangan endar í Bryðjuholti. Auðveld gönguleið sem býður upp á skemmtilega sýn yfir Hvítá og fuglalífið í nálægð árinna. Daði Geir Samúelsson í Bryðjuholti mun leiða gönguna. Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

3. ferð 8. júní. Flúðir

Lagt af stað kl 20:00 frá Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Gengið um hverfið og farið yfir sögu þess. Skemmtileg saga um upphaf Flúðahverfisins og mannlífs á Flúðum. Þægileg kvöldganga fyrir alla aldurshópa. Guðmundur Magnússon og Anna B. Matthíasdóttir í Steinhlíð munu leiða gönguna. Áætlaður göngutími er 2 klst.

4. ferð er 15. júní. Kluftir

Mæting við íbúðarhúsið á Kluftum kl. 20:00. Gengið verður niður að Litlu-Laxá og að Hildarselsfossi en á þessu svæði er mikil náttúrufegurð. Einnig verður farið um gamla bæjarstæðið á Kluftum. Björn Bjarndal Jónsson á Kluftum mun leiða gönguna. Áætlaður göngutími er 2- 3 klst.

5. ferð er 22. júní. Sólheimar - Galtafell

Lagt af stað frá Sólheimum kl. 20:00. Gengið er upp á Galtafell að tveimur vörðum sem þar eru. Þar er víðsýnt til allra átta og gaman að koma í góðu skyggni. Áætlaður göngutími er 2 klst.

6. ferð er 29. júní. Hamarsholt – Gullfoss að austanverðu

Gangan hefst á bílastæði sem merkt er Gullfoss, efst í Tungufellsdal. Gengið verður hjá eyðibýlinu Hamarsholti og þaðan niður að Gullfossi. Mjög gaman er að koma að fossinum austan megin en við blasir allt annar foss. Áætlaður göngutími er 2 – 3 klst.

7. ferð er 6. ágúst. Ganga í Kerlingarfjöllum. Hveradalir– Hverabotn– Ásgarður Dagsganga

Lagt af stað frá Flúðum árla dags. Ekið um Kjalveg í Kerlingarfjöll, báðar leiðir. Kerlingarfjöll eru rómuð fyrir náttúrufergurð og andstæður í náttúruferð og eru fjöllin sannkölluð kóróna Hrunamannahrepps. Gangan hefst í Hveradölum, gengið yfir í Hverabotn, um Sléttaskarð, vestur fyrir Mæni og endað í Ásgarði. Áætlað er að gangan telji 15 km. og er í töluvert mishæðóttu landslagi. Þanta þarf í þessa ferð í síma 6923882/6995178.

Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði vegna aksturs sem verður auglýstur síðar.

8. og síðasta ferð sumarsins 27. ágúst er Stóru-Laxárgljúfur ganga

Þetta er dagsganga, u.þ.b. 18 km. Ferðin hefst við bæinn Kaldbak. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufergurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.

